



Varðandi: Markaðsherferð fyrir Akraness

Málsnúmer: 2006217

Dagsetning: 25.08.2021

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að veita bæjarstjóra heimild að halda áfram með verkefnið byggt á neðangreindum forsendum.

Bæjarráðs samþykkir fjárveitingu samtals kr. 9.000.000 í verkefnið þar sem á árinu 2021 gjaldfærast samtals 6,6 m.kr. og á árinu 2022 samtals kr. 2,4 m.kr.

Ofangreint er með fyrirvara um farsælan árangur í samstarfi við verktaka sem eru í uppbyggingu á Akranesi eða eru að hefja uppbyggingu.

GREINARGERÐ:

Óskað er eftir heimild bæjarráðs til þess að halda áfram með verkefnið á neðangreindum forsendum og að bæjarráð samþykki fjárveitingu um 9 m.kr. með fyrirvara um öflun fjárveitingar vegnar birtingar á efninu. Næstu skref er að fá staðfestingu verktaka um þátttöku byggða á svohljóðandi forsendum:

- Við leggjum til að kostnaður skiptist í fastan kostnað svo og breytilegan kostnað sem byggist á fjölda íbúða í byggingu. Bæta þarf inn sviðsmynd fyrir atvinnuhúsnæði og þátttöku verktaka sem eru í slíkri uppbyggingu. Slíkt er í vinnslu sem stendur.
- Kostnaður verktaka í herferðinni verður einungis vegna birtingar á framleiddu efni sem Akraneskaupstaður stendur straum af.
- Til þess að þetta geri orðið að veruleika viljum við ná inn um 18,7 m.kr. í herferðina þar sem helmingur gjaldfærast á núverandi ári og hinn árið 2022.
- Samningur verður gerður milli þeirra verktaka sem taka þátt og Datera sem sér um birtingarþátt herferðinnar.
- Væntingar okkar eru að tryggja amk 70% af ofangreindri fjárhæð þannig að við getum hafist handa og gert þetta vel.

Framlag Akraneskaupstaðar verður um 9 m.kr. sem verður lagt í framleiðslu efnisins auk þess sem við höfum starfsmann hjá okkur sem sinnir m.a. þessu verkefni samhliða Tjarnargötunni, Ampere og Með vísan til framanritaðs gerir bæjarstjóri ofangreinda tillögu.

Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri